



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 3. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 9. FUNDUR ÁRSINS

#### VERÐUR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 13. ÁGÚST 2014

#### KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 13. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Umhverfisstofnun: Samningur um endurgreiðslu til Hrunamannahrepps vegna refaveiða.
2. Upplýsingar til nýrra sveitarstjórna 2014.
3. Arionbanki: Erlent lán.
4. Landgræðsla ríkisins: Gerð landbótaáætlunar.
5. Tæknisvið Uppsveita: Minnisblað um endurvinnslu á seyru með kölkun.
6. Deiliskipulag: Flúðir-Íbúabyggð og athafnasvæði milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaááss.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

7. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 3. júlí s.l.
8. Veitustjórn: Fundargerð 3. fundar frá 6. ágúst s.l.

#### **Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

9. Fundargerð 74. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 31. júlí s.l.
10. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 31. júlí s.l.
11. NOS: Fundargerð 1. fundar frá 30. júní s.l.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð frá 2. júlí s.l.
- b. SASS: Fundargerð 481. fundar stjórnar frá 2. júlí s.l.
- c. SASS: Aðalfundargerð frá 2. júlí s.l.
- d. Fagráð Sérdeildar Suðurlands: Fundargerð fagráðs frá 22. apríl s.l.

#### **Kynningarmál:**

- e. Álagning 2014 vegna 2013.
- f. Tæknisvið Uppsveita: Minnisblað vegna Granna.
- g. Landgræðslufélag Biskupstungna: Boðsbréf.
- h. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð 1. Fundar v/íþróttahúss.
- i. Áætlun um refaveiðar 2014-2016.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 817. fundar stjórnar frá 27. júní s.l.
- k. Björgunarfélagið Eyvindur: Þakkir v/Landshlutamóts unglíngadeilda.
- l. Sveitarfélagið Árborg: Niðurstöður skoðunarkönnunar vegna sameiningarmála.
- m. SKS: Upplýsingar frá skiptastjórn SKS um stöðu mála.
- n. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Ályktanir 9. fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA um loftslags- og orkumál og málefni norðursins.
- o. Fannborg: Skýrsla um framvindu við framkvæmdir í Kerlingarfjöllum.
- p. Officium: Fræðsla um einelti.
- q. Landssamband Slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna: Ályktun um starfslok slökkviliðs og sjúkraflutningamanna.

#### **Fundir framundan**

- r. Skipulagsstofnun: Kynningar- og samráðsfundur 15. ágúst nk. í Reykjavík.
- s. Hitaveita Grafahverfis: Aukaaðalfundur á Flúðum 29. ágúst n.k.
- t. Málþing Samband íslenskra sveitarfélaga um skólamál í Reykjavík 8. september n.k.
- u. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 24.-26. sept. nk. á Akureyri.
- v. Ársþing SASS. Kirkjubæjarklaustri 21.og 22. okt. n.k.
- w. Málþing sveitarfélaga um þjónustu við nýja íbúa af erlendum uppruna 14. nóvember n.k.

### **Gengið til dagskrár:**

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. **Umhverfisstofnun: Samningur um endurgreiðslu til Hrunamannahrepps vegna refaveiða.**

Oddviti kynnti samning milli Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps varðandi endurgreiðslu til sveitarfélagsins vegna refaveiða. Þar kemur fram að endurgreiðsluhlutfall til Hrunamannahrepps eigi að vera 20% af kostnaði. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Sveitarstjórn telur þó að á mörkunum sé að það taki því að semja á þessum forsendum þar sem fjárhæðin sé svo lág að hún svari vart kostnaði vegna aukinnar vinnu við framkvæmd samningsins.

2. **Upplýsingar til nýrra sveitarstjórna 2014.**

Oddviti kynnti upplýsingar til nýrra sveitarstjórnarmanna sem hægt er að nálgast hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og mögulegt námskeiðshald fyrir sveitarstjórnir á vegum sambandsins.

3. **Arionbanki: Erlent lán.**

Oddviti kynnti svar við fyrirspurn til Arionbanka vegna gjaldeyrsláns Hrunamannahrepps hjá bankanum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra gera minnisblað fyrir næsta sveitarstjórnarfund og mögulegar leiðir varðandi endurfjármögnun lánsins.

4. **Landgræðsla ríkisins: Gerð landbótaáætlunar.**

Oddviti kynnti bréf frá Landgræðslu ríkisins um nýja reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og gerð landbótaáætlana sem skulu uppfærðar í samræmi við hann. Sveitarstjórn vísar gerð nýrrar landbótaáætlunar til landbúnaðarnefndar.

5. **Tæknisvið Uppsveita: Minnisblað um endurvinnslu á seyru með kölkun.**

Oddviti kynnti minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita um möguleika á endurvinnslu á seyru með kölkun og kynnisferð vegna málsins til Færeyja. Sveitarstjórn lýsir áhuga sínum á að skoða þennan möguleika með öðrum sveitarfélögum í Uppsveitum.

6. **Deiliskipulag: Flúðir-Íbúabyggð og athafnasvæði milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaáss.**

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flúða, svæði á milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Högnastaðaáss. Smiðju- og Högnastígur, Sneiðin og Austurhof. Á svæðinu eru í gildi 6 deiliskipulagsáætlanir með mismunandi skilmálum sem hefur gert yfirsýn erfiða. Með breyttu skipulagi er verið að samræma skilmála og búa til heildstæða mynd af svæðinu. Tillagan var auglýst 30. apríl 2014 með athugasemdafresti til 12. júní. Ein athugasemd barst frá Sigurði H. Magnússyni og Ásdísi B. Stefánsdóttur í bréfi dags. 30. maí 2014 varðandi lóð þeirra Högnastaðir, land 166780.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagsbreytinguna með þeirri breytingu að komið er til móts við innkomna athugasemd um afmörkun lóðar og stærð byggingarreits á landi með landr. 166780. Samþykktin er með fyrirvara um umsögn Minjastofnunar Íslands.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

7. **Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 3. júlí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar ferða- og menningarnefndar. Farið var yfir verkefni framundan, gönguferðir, málþing um Fjalla-Eyvind, bylgjulestina, verslunarmannahelgina, uppskeruhátíð í haust o.fl. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina

8. **Veitustjórn: Fundargerð 2. fundar frá 6. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar veitustjórnar. Samþykkt var að skoða áfram mál með Stolt Sea Farm vegna áhuga þeirra á fiskeldi og farið yfir önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

### **Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

#### **9. Fundargerð 74. fundar skipulags- og bygginganefndar frá 31. júlí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 74. fundar skipulagsnefndar frá 31. júlí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

##### **Mál nr. 11: Sólheimar, byggingarleyfi.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fela byggingarfulltrúa að afgreiða beiðni um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.

##### **Mál nr. 17: Deiliskipulag Jaðri.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að fela skipulagsfulltrúa að ræða við umsækjendur deiliskipulags frístundahúss á landi Jaðars I um framhald málsins í ljósi niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem fram kemur í bréfi dags. 23. júlí 2014 um að deiliskipulagið samræmist ekki aðalskipulagi.

##### **Mál nr. 18: Deiliskipulagsbreyting Kerlingarfjöllum.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ásgarð í Kerlingarfjöllum verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Breytingin felur í sér stækkun á reit B utan um núverandi aðalhlús. Reitur C stækkar einnig og gert er ráð fyrir byggingum fyrir svefnpokapláss og aðstöðu fyrir ferðamenn allt að 300 fm í stað 90 fm. Gert er ráð fyrir að svokallaðar Nípur sem nú er innan reits K verði fluttar inn á reit C og einnig baðhús sem er á reit 12. Þá er gert ráð fyrir að reitur K stækki auk þess sem að þar verði gert ráð fyrir samfelldri byggingu á tveimur hæðum, allt að 720 fm að grunnfleti, í stað núverandi smáhýsa (Nípur). Áður en tillagan verður auglýst þarf skipulagsfulltrúi að eiga samráð við Skipulagsstofnun um upplýsingar í umhverfisskýrslu. Einnig þarf að leita umsagnar Forsætisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar.

#### **10. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 31. júlí s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 18. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. Samþykkt var að formaður yrði áfram Gunnar Þorgeirsson og til vara Ragnar Magnússon. Þá var fjallað um útfærslu nefndarlauna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

#### **11. NOS: Fundargerð 1. fundar frá 30. júní s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 1. fundar NOS. Þar var starfssemi Skóla- og velferðarþjónustunnar kynnt, kosið í stjórn NOS, kosið um aðal- og varamenn í Skólalþjónustu- og velferðarnefnd og formaður og varaformaður valdir. Þá var þóknun nefnarmanna ákveðin og farið yfir þjónustusamning um Sérdeild Suðurlands og starfsreglur deildarinnar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

#### **a. Héraðsnefnd Árneseinga: Fundargerð frá 2. júlí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### **b. SASS: Fundargerð 481. fundar stjórnar frá 2. júlí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### **c. SASS: Aðalfundargerð frá 2. júlí s.l.**

Lagt fram til kynningar.

#### **d. Fagræð Sérdeildar Suðurlands: Fundargerð fagræðs frá 22. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

### **Kynningarmál:**

#### **e. Álagning 2014 vegna 2013.**

Lagt fram til kynningar.

#### **f. Tæknisvið Uppsveita: Minnisblað vegna Granna.**

Lagt fram til kynningar.

#### **g. Landgræðslufélag Biskupstungna: Boðsbréf.**

Lagt fram til kynningar.

#### **h. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð 1. Fundar v/íþróttahúss.**

Lagt fram til kynningar.

#### **i. Áætlun um refaveiðar 2014-2016.**

Lagt fram til kynningar.

#### **j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 817. fundar stjórnar frá 27. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- k. Björgunarfélagið Eyvindur: Þakkir v/Landshlutamóts unglingsdeilda.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. Sveitarfélagið Árborg: Niðurstöður skoðunarkönnunar vegna sameiningarmála.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. SKS: Upplýsingar frá skiptastjórn SKS um stöðu mála.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Ályktanir 9. fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA um loftslags- og orkumál og málefni norðursins.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. Fannborg: Skýrsla um framvindu við framkvæmdir í Kerlingarfjöllum.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. Officium: Fræðsla um einelti.**  
Lagt fram til kynningar.
- q. Landssamband Slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna: Ályktun um starfslok slökkviliðs og sjúkraflutningamanna.**  
Lagt fram til kynningar.

#### **Fundir framundan**

- r. Skipulagsstofnun: Kynningar- og samráðsfundur 15. ágúst nk. í Reykjavík.**  
Lagt fram til kynningar.
- s. Hitaveita Grafahverfis: Aukaaðalfundur á Flúðum 29. ágúst n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- t. Málþing Samband íslenskra sveitarfélga um skólamál í Reykjavík 8. september n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- u. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 24.-26. sept. nk. á Akureyri.**  
Lagt fram til kynningar.
- v. Ársþing SASS. Kirkjubæjarklaustri 21.og 22. okt. n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- w. Málþing sveitarfélaga um þjónustu við nýja íbúa af erlendum uppruna 14. nóvember n.k.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.45.**